



aðarverð heildarframleiðslu raforku í landinu, þannig að öruggt sé að Íslendingar þurfi aldrei að greiða niður orkuverð til orkufreks iðnaðar.

Trygging þessi sé þannig úr garði gerð, að verðlag raforku sé endurskoðað árlega og raforkusölusamningar leiðréttir. Þá verði óheimilt að gera raforkusölusamninga til langs tíma.

Einnig verði unnið að því að breyta þeim orkusölusamningum, er þegar hafa verið gerðir, til samræmis við þessar meginreglur svo fljótt sem unnt er.

#### Greinargerð.

Dapurleg reynsla af þeim samningum, sem Íslendingar hafa gert um sölu á rafmagni til orkufreks iðnaðar, gerir það brýna nauðsyn að sett verði löggjöf á þann hátt sem hér er lagt til og tryggi sú löggjöf að þannig verði ekki á málum haldið í framtíðinni.

Það hefur verið leiðarljós íslenskra samningamanna að reikna út af mikilli bjartsýni orkuverð frá hverju orkuveri, sem í byggingu hefur verið, fyrir sig, og gera síðan samninga til mjög langs tíma um sölu á mestallri orkunni á því verði sem þeir vonuðu að hægt yrði að framleiða hana í orkuverinu og verðjafna við eldri virkjanir sem afskrifaðar voru. Að sjálfsögðu hafa orkuverin sífellt orðið dýrari, orka frá Sigölduvirkjun dýrari en frá Búrfellsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun verður dýrari en Sigölduvirkjun og orka frá Kröfluvirkjun kann að verða nokkru dýrari í framleiðslu en ráðherra spáði þegar hafist var handa um framkvæmdir við Kröflu. Þessari þróun valda ýmsar ástæður. Verðbólga hefur verið í veröldinni, vaxtakjör sífellt óhagstæðari, hagkvæmustu virkjunarvalkostirnir væntanlega teknir fyrst, ófyrirsjáanleg atvik geta hent í náttúrunni, þannig að næsta virkjun verður dýrari þeirri seinustu.

Þá hefur við val á virkjunarstöðum og hönnun virkjana ráðið sú skoðun, að því stærri sem virkjunin væri því ódýrari yrði hver kwst. í framleiðslu, en til þess að svo geti orðið þarf að selja alla orkuna strax.

Virkjunaráfangar hafa stundum orðið allt of stórir miðað við raforkuþörf, notkunarmöguleika og dreifingartækifæri á hverjum tíma. Þegar ráðist hefur verið í byggingu þessara of stóru orkuvera hefur tímabundin umframorka verið notuð sem ástæða fyrir glannalegum stóriðjusamningum og orkukaup stóriðjuvera átt að skapa viðunandi rekstrargrundvöll viðkomandi virkjunar.

Samningar þeir, sem gerðir hafa verið — meira að segja við fyrirtæki í eigu útlanda, hafa verið á þá lund að raforkunotendur hafa fyrr en varir verið farnir að greiða niður raforkuverðið til stóriðjunnar.

Þegar Landsvirkjun seldi Álverksmiðjunni fyrst raforku 1969, þá var orkuverðið 68% af því verði sem rafveiturnar guldu fyrir orkuna. Þetta hlutfall hefur breyst mjög síðan og var árið 1975 einungis 32% af því verði sem Rafmagnsveiturnar urðu að greiða Landsvirkjun. Árið 1976 var raforkusala til stóriðju 56.1% af framleiddri raforku á Íslandi, en fyrir hana einungis goldin 10.3% af heildarsöluverðmæti.

Svo er nú komið, að orkuverð til stóriðju er hér verulega lægra en í nálægum löndum, t. d. helmingi lægra en í Noregi.

Norðmenn hafa sett löggjöf um orkusölu Statskraftverkene til orkufreks iðnaðar, og gera þeir ráð fyrir ákveðnu lágmarksverði (6 aurar 1. 1. 1976 við stöðvarvegg) og breytist það síðan árlega samkvæmt kostnaðarbreytingum. (Sjá St. prp. nr. 81 — 1975—76 Om pris og andre vilkår for Statskraftverkenes leveringer av kraft til kraftkrevende industri. Tiltrådning fra Industridepartementet av 9. jan. 1976 godkjent ved kongelig resolusjon samme dag. (Foredraget af statsråd Ingvald Ulveseth). Enn fremur Innst. S. nr. 211. Innstilling fra industrikomiteén fra 11. mars 1976).

Þessi löggjöf Norðmanna er vafalaust heppileg fyrirmynd fyrir okkur Íslendinga, enda hafa Norðmenn aflað sér mikillar og stundum dýrkeyptrar reynslu á þessu sviði.

Þrátt fyrir það að Norðmenn ákveði lágmarksverð á stóriðjuraforku meira en helmingi hærra en Íslendingar gerðu samning um í fyrra vegna járnblendiverksmiðjunnar, þá er raforkuverð í Noregi til heimilisnota samkv. upplýsingum Sambands ísl. rafveitna 7.27 kr. ísl. kwst. miðað við gengi í ágúst en meðaltalsverð til heimilisnota á sama tíma á Íslandi kr. 14.49 kwst. (hjá Rafmagnsveitum ríkisins 21.28 kr./kwst).

Landsvirkjun seldi rafveitunum, miðað við nýtingu 5000 stundir á ári, kwst. á kr. 3.91, en sambærilegur gjaldskrárflokkur í Noregi var 2.43 kr. ísl.

Flm. fluttu till. til þál. um þetta efni í fyrra, en hún varð ekki útrædd þá. En þeir telja enn, að þetta ástand sé óviðunandi og óhjákvæmilegt sé að sett sé sérstök löggjöf um þetta efni hið bráðasta, þannig að tryggt verði að aldrei geti komið til þess að almennir notendur greiði niður raforkuverð til orkufreks iðnaðar og glati þannig því hagræði sem við ættum að geta haft af okkar dýrmætu orkulindum.